

A 5-2

Stjórnartíðindi B-deild, Nr. 827/2003

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2003 um gildistöku reglna um skipan og starfsemi flugverndarnefnda flugvalla.

Með vísan til 2. mgr. 70. gr. og 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að þann 1. nóvember taki gildi reglur um skipan og starfsemi flugverndarnefnda flugvalla.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 21. október 2003

Þorgeir Pálsson flugmálastjóri.

ÁKVÖRDUN

FLUGMÁLASTJÓRNAR ÍSLANDS nr. 3/2003

um gildistöku reglna um skipan og starfsemi flugverndarnefnda flugvalla.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að þann 1. nóvember 2003 skulu taka gildi nýjar reglur um skipan og starfsemi flugverndarnefnda flugvalla.

Með vísan til 2. mgr. 70. gr. sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, verður ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Reykjavík, 21. október 2003

Þorgeir Pálsson flugmálastjóri.

Reglur

um skipan og starfsemi flugverndarnefnda flugvalla

1. gr.

Á hverjum flugvelli sem er landamærastöð og aðaltollhöfn skal vera starfandi flugverndarnefnd.

2. gr.

Flugverndarnefndir eru rekstraraðilum til ráðuneytis um flugverndaraðgerðir, þróun og framkvæmd flugverndaráætlunar flugvallarins auk aðgerða sem nauðsynlegar eru til að mæta hættu gegn almenningsflugi. Slíkar aðgerðir geta falist í fyrirbyggjandi ráðstöfunum til að koma í veg fyrir ólögætar aðgerðir sem beint er að fólki, loftförum, mannvirkjum og búnaði á flugþjónustusvæðum flugvalla. Flugverndarnefndir eru enn fremur vettvangur umræðna og samhæfingar flugverndar-ráðstafana.

Flugverndarnefndir skulu m.a. fjalla um:

- a) Innleiðingu á lögum, reglugerðum og öðrum þjóðréttarlegum kröfum sem tilgreindar eru í flugverndaráætlun viðkomandi flugvallar og Flugverndaráætlun Íslands og fylgja eftir framkvæmd þeirra auk annarra sérstakra ráðstafana;
- b) Gerð og uppfærslu flugverndaráætlunar flugvallarins;
- c) Neyðaráætlun vegna flugverndar til að bregðast við sprengihótunum og flugránum;
- d) Framkvæmd flugverndar- og öryggisráðstafana á flugvelli m.a. með hliðsjón af byggingu nýrra mannvirkja og breytingu eldri mannvirkja;
- e) Samhæfingu starfseininga sem vinna beint og óbeint að flugvernd á flugvelli;
- f) Svæði, búnað og starfsemi sem nauðsynleg eru vegna flugverndar auk atriða því tengdu;
- g) Þjálfun og leiðbeiningar til starfsfólks á flugvelli;
- h) Ráðstafanir sem grípa skal til ef auka þarf flugverndarráðstafanir vegna aukinnar hættu;
- i) Úttekta á flugverndaraðgerðum á flugvelli og starfsemi innan hans.

Flugverndarráðstafanir skulu endurspeglar lágmarks ráðstafanir sem taka mið af hættu hvers tíma.

3. gr.

Flugverndarnefnd skal skipuð að lágmarki fjórum mönnum og jafn mörgum til vara til fjögurra ára í senn. Flugvallarstjóri, sem jafnframt gegnir formennsku, skipar í nefndina, einn samkvæmt tillögu lögreglustjóra eða sýslumanns, einn samkvæmt tilnefningu flugrekenda og einn án tilnefningar. Heimilt skal að skipa fleiri menn en fjóra sé þess talin þörf. Skipa skal varamann fyrir hvern nefndarmann sem skipaður er. Varamaður flugvallarstjóra skal vera varaformaður nefndarinnar.

Auk fastra fulltrúa má bjóða öðrum þátttöku á fundum nefndarinnar eftir þörfum til að tryggja sérþekkingu og reynslu við umfjöllun mála.

4. gr.

Fundi í flugverndarnefndum skal halda svo oft sem þurfa þykir en eigi sjaldnar en einu sinni ári. Fundargerðir skulu sendar meðlimum nefndarinnar.

5. gr.

Nefndarmönnum er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu í nefndinni og leynt skal fara að lögum, eðli málsins samkvæmt eða samkvæmt sérstakri ákvörðun nefndarinnar.

Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi í nefndinni.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 2. mgr. 70. gr. og 140. gr. laga um loftferðir nr. 60/1988 með síðari breytingum. Reglur þessar taka gildi 1. nóvember 2003.

Reykjavík 21. október 2003

Borgeir Pálsson flugmálastjóri